

28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um gjaldfrest á láni, er jafnaðarsjóði amtsins hafði verið veitt. 1860.
31. maí.

Þær hafði, herra amtmaður, í bréfi 30. septemberm. f. á. farið þess á leit, að dómsmálastjórnin útvegi fyrst um sinn frest á borgun þeirra 1333 rdl. 32 sk., sem samkvæmt fjáruaklögum 29. desemberm. 1857, 3. gr., 7. tölul., voru greiddir jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, sem lán úr jarðabókarsjóði Íslands vegna fjárkláðans.

Útaf þessu sé yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til frekari framkvæmdar, að dómsmálastjórninni ekki þykir vera ástæða til að biðja ríkisþingið um lengri gjaldfrest á láni þessu, og það því síður, sem nú er mjög vel ástatt í norður- og austurumdæminu að því leyti, er fjárkláðann snertir, eptir skýrslum þeim, er þær hafði hingað sent; svo er það og eigi mikið fê, sem hér er um að ræða. Dómsmálastjórnin verður því að bjóða yður nákvæmlega að annast um, að lánið verði endurgoldið jarðabókarsjóðnum, þó rentulaust, á yfirstandandi fjárhagsári, samkvæmt fjárlögunum fyrir árið 18⁶⁰/₆₁ (smbr. athugasemdirnar við frumvarpið til laga þessara, við 4. gr. A. 4.).

29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk til að ala upp svín. 31. maí.

Með bréfi 16. desemberm. f. á. hafði þær, herra amtmaður, sent hingað eptirrit af bænarskrá, er yður barst frá A. Sæmundsen, umbodsmanni vesturhluta Munkaþverárklosturs, um það, að tveim af landsetum klosturs þessa, Bjarna Davíðssyni á Snæbjarnarstöðum og Guðmundi Davíðssyni í Hjaltadal, verði hvorum fyrir sig úr almennum sjóði veittur styrkur til að kaupa tvo grísa, eitt karldýr (gölt) og eitt kvenndýr (gyltu), til þess að gjöra tilraun með að ala upp svín til sveita á Íslandi; og